



# UHÖ SÝN, GILDI, MARKMIÐ OG STEFNA

Stefna þessi á við um Alcoa um allan heim og öll dótturfyrirtæki þess á alþjóðavettvangi og í Bandaríkjunum, hlutdeildarfélög, samstarfsaðila, áhættufyrirtæki og önnur viðskiptatengsl sem eru undir virkri stjórn Alcoa, beint eða óbeint (saman nefnt „fyrirtækið“) og alla forstjóra, stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins.

## UHÖ sýn

Að byggja varanlega UHÖ-menningu - Menning er sameiginlegt lífsviðhorf og UHÖ-menningin sem við, starfsmenn Alcoa, höfum tileinkað okkur mun einkenna okkur og starfsemi fyrirtækisins. Hjá okkur ríkir sú menning að bæði starfsmenn og verktakar virða UHÖ-mál og við hugsum um hvert annað.

## UHÖ gildi

Við leggjum áherslu á öryggi, heilbrigði og verndun umhverfisins. Þessi áhersla er inngreipt í öll gildi Alcoa:

- Heilindi: Við erum opin, heiðarleg og ábyrg; við gerum réttu hlutina á réttan hátt; við gerum strangar kröfur til okkar um siðferði
- Árangur: Við erum stöðugt að bæta starfsemina; við leysum vandamál með því að greina þau frá öllum sjónarhornum; við tryggjum að allir hafi það sem þarf til að gera sitt besta
- Umhyggja: Við setjum öryggi ávallt í forgang; við leitum lausna í fjölbreyttum teymum þar sem allir fá að njóta sín; við tökum allar ákvarðanir með samfélagið í huga
- Hugrekki: Við fögnum tækifærum til að þróast; við leggjum grunn að framtíðinni með nýsköpun; við skorum stöðnun á hólmi

## UHÖ markmiðslýsing

Alcoa vinnur um allan heim á öruggan og ábyrgan hátt, með virðingu fyrir umhverfinu og heilsu starfsmanna okkar, viðskiptavina, birgja, verktaka og samfélagsins þar sem við störfum. Við fórnnum ekki umhverfis-, heilsu- og öryggisgildum fyrir hagnað eða framleiðslu.

## UHÖ-stefna

Hver starfsstöð Alcoa verður að hafa stefnu sem er aðlöguð að eðli og umfangi þeirrar starfsemi sem þar fer fram, og stefnan skal m.a. taka til eftirfarandi grunnreglna og markmiða:

- Við metum mannlíf ofar öllu öðru og höfum stjórn á áhættuþáttum,
- Við förum eftir öllum lögum og reglum og setjum okkur sjálfum og verktökum okkar strangari staðla ef óásættanleg áhætta kemur upp.
- Við leitum stöðugt umbóta á UHÖ kerfum og ferlum í þeim tilgangi að útrýma slysum sem geta valdið örkuðum eða mannskaða og til koma í veg fyrir meiri háttar umhverfisatvik sem hafa áhrif á umhverfi og samfélag.
- Við komum á mælanlegum markmiðum til að meta árangur okkar,
- Við stöndum fyrir gegnsæju mati og skýrslugjöf varðandi UHÖ atvik.
- Við erum stöðugt að læra.
- Við tökum hugsanleg áhrif á hagsmunaaðila með í ákvarðanatöku okkar, og
- Við hvetjum starfsmenn til þátttöku og aukum meðvitund þeirra um UHÖ ógnir og tækifærl.

Sérhver stefna verður að vera (i) skráð, (ii) samþykkt af framkvæmdastjórn starfsstöðvarinnar, (iii) miðlað til allra hlutaðeigandi innri og ytri hagsmunaaðila og (iv) endurskoðuð með reglulegu millibili til að tryggja að hún mæti þörfum og forgangsefnum fyrirtækisins og stefnu þessarar.